

## 5. BURÐARVIRKI

5.1 STYRKLEIKAMISSIR .....	3-5-01-01
5.2 BREYTINGAR Á BURÐARVIRKI .....	3-5-02-01
5.3 STANDARI Á MÓTORHJÓLI.....	3-5-03-01

## 5.1 STYRKLEIKAMISSIR

### 5.1.1 Reglugerðarákvæði

#### 5.1.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr.822/2004

##### 14.00 Almenn ákvæði.

(1) *Skilgreining:*

Burðarvirki:

Grind eða sjálfberandi yfirbygging eða sambland af þessu.

- (2) Burðarvirki skal þola það álag sem hlýst af eðlilegri notkun ökutækis við leyfða heildarþyngd þess.
- (3) Burðarvirki ökutækis má ekki vera svo skakkt, umformað, ryðgað eða skemmt að öðru leyti að umferð stafi hættu af ökutækinu.
- (4) Gildistaka: Ákvæði liðar 14.00 gilda einnig um ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

### 5.1.2 Túlkanir og athugasemdir

#### 5.1.2.1 Skilgreining á burðarvirki

Grind, berandi hlutir í sjálfberandi yfirbyggingu, hvers konar festingar við grind og yfirbyggingu, gólf, rammar í kringum hurðir/framrúðu, gormaskál, hjólspyrna, stífa, festingar fyrir sæti og öryggisbelti.

Til berandi hluta í sjálfberandi yfirbyggingar telst m.a. hjólaupphengjur, hjólskálar, síls, milliveggir og festingar.

### 5.1.3 Verklýsingar

#### 5.1.3.1 Styrkleikamissir

Ef grunur er um ryðmyndun er bankað varlega með ryðhamri. Ryðhamar og sköfu skal ávallt nota með varúð, svo ekki sé valdið ónauðsynlegum skemmdum á því sem er heilt og ryðvarnarhúðað. Á málmfleti með venjulegri þykkt þar sem dæma má eftir hljóðinu ber að nota kúpta enda hamarsins. Á efnisþykkari hlutum ökutækisins svo sem spyrnuörmum og fjaðrafestingum, ásamt fleiru þar sem erfitt er að komast að, ber að nota oddmjóa enda hamarsins.

Við skoðun á styrkleikamissi innan í ökutækinu og í hjólhlífum er ökutækið skoðað á gólfi og á lyftu í miðstöðu. Aftari hjólhlífar má einnig skoða frá farangursgeymslu. Gólfmottum er lyft ef það er gerlegt og nauðsynlegt.

Viðgerð á burðarvirki ökutækis felur í sér endurbyggingu sem skal vera sem næst upprunalegu formi þess og vera ei lakara en upprunalegi styrkur þess.

### 5.1.4 Skilgreiningar á dæmingum

#### 5.1.4.1 Styrkleikamissir


Til að meta hversu alvarlegar skemmdir eru í burðarvirki þarf að meta umfang þeirra nokkuð nákvæmlega. Umfang skemmda er metið sem það hlutfall (%) sem burðarvirki ökutækis eða hluti þess hefur misst af sínum upprunalega styrk. Hver hlutur burðarvirkis er metinn og dæmdur sér. Taka skal þó tillit til skemmda á nálægum hlutum eða svæðum sem tengjast þeim hlut sem skoðaður er.

1. Grind og bitar



Þversnið grindar er borið saman við þversnið þess hlutar sem skoðaður er. Hlutfall skemmdar segir til um styrkleikamissi hlutarins.

Lengd skemmdar í cm samsvarar styrkleikamissi í %. 10 cm skemmd samsvarar þannig 10 % styrkleikamissi, 25 cm skemmd samsvarar 25 % styrkleikamissis o.s.frv.

Til grundvallar dæmingunni er tekin hæsta prósentutalan.

**Dæmi 1**

Ryðskemmd sem er 30% af þversniði hlutar er borin saman við ryðskemmd að lengd 40 cm sbr. mynd hér að ofan. Þar sem 40 cm reiknast sem 40% og hæsta talan lögð til grundvallar verður skemmdin metin í þessu tilviki sem 40%.


**Dæmi 2****Dæmi 3**

## 2. Festingar

Festingarsvæðið telst það svæði sem nær yfir um 5-10 cm breitt svæði kringum festinguna.

Umfang skemmdar er metið sem hlutfall (%) af festingarsvæðinu.

Ef festing dreifist á marga festipunkta verður að taka tillit til hlutverks hvers festipunkts. Mat á umfangi fer eftir því hve mikið af heildarátaki lendir á hlutaðeigandi festipunkti og hvaða áhrif skemmdir nálægra festipunkta hafa.



## 3. Los

Los í boltum eða hnoðum er metinn eftir fjölda lausra bolta eða hnoða. Einn bolti laus eða eitt hnoð laust af fjórum samsvarar 25% styrkleikamissi.

## 5.2 BREYTINGAR Á BURÐARVIRKI

### 5.2.1 Reglugerðarákvæði

#### 5.2.1.1 Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

##### 14.00 Almenn ákvæði.

(1) *Skilgreining:*

Burðarvirki:

Grind eða sjálfberandi yfirbygging eða sambland af þessu.

- (2) Burðarvirki skal þola það álag sem hlýst af eðlilegri notkun ökutækis við leyfða heildarþyngd þess.
- (3) Burðarvirki ökutækis má ekki vera svo skakkt, umformað, ryðgað eða skemmt að öðru leyti að umferð stafi hættu af ökutækinu.
- (4) Gildistaka: Ákvæði liðar 14.00 gilda einnig um ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

##### 14.01 Grind.

- (1) Yfirbygging og áfestur búnaður, svo sem krani, vörulyfta og sturtubúnaður skal vera festur við ökutæki samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda þess eða festur við stálgrind þess þannig að spennur í efni grindarinnar verði hvergi hærri en  $150 \text{ N/mm}^2$  við notkun áfesta búnaðarins.
- (2) Gildistaka: Ákvæði liðar 14.01 gildir einnig um búnað sem festur er á ökutæki og yfirbyggingu sem sett er á ökutæki sem skráð er fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

##### 14.14 Vörubifreið.

- (1) Breytingar og viðgerðir á grind vörubifreiðar skulu vera gerðar samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda og samþykktar af Samgöngustofu.

### 5.2.2 Túlkanir og athugasemdir

#### 5.2.2.1 Varðar lengingar og styttingar á grindum

Séu grindur á ökutækjum lengdar eða stytta skulu eftirfarandi starfsreglur viðhafðar:

Á bifreiðum yfir 3500 kg heildarþyngd frá öðrum markaðssvæðum en Ameríku og á bifreiðum yfir 5000 kg heildarþyngd frá Ameríku skulu samsetningar vera gerðar skv. fyrirmælum framleiðanda ökutækjanna. Breytingaskoðunar er þörf vegna þessa og skulu gögn um samsetningar fylgja ökutækinu í breytingaskoðun.

Á öðrum ökutækjum er þessa ekki krafist en lengingar á grind skulu vera úr efni með svipaða eiginleika og mál og grind ökutækisins og allur frágangur á suðum og öðru góður. Ekki er krafist vottorða vegna suða.

Í einstaka tilfellum er hægt að meta hvort lenging sé samþykkt án þess að vera eftir fyrirmælum framleiðanda ef forsendur eru breyttar, t.d. vörubilsgrind með yfirbyggingu sem er að miklu leyti sjálfberandi og álag á grind þar af leiðandi mun minna. Í slíkum tilfellum skal samráð haft við Samgöngustofu.

## 5.2.3 Verklýsingar

### 5.2.3.1.....Meðferð burðarvirkismælingavottorðs



Fastanúmer

Verksmiðjunúmer

Staða akstursmælis

## Burðarvirkisvottorð

Nafn fyrirtækis og kennitala

Það vottast hér með að mæling á burðarvirki ökutækisins er innan marka framleiðanda þess og viðgerð var framkvæmd samkvæmt fyrirmælum framleiðanda þess. Vottorð þetta gildir í 15 daga frá útgáfudegi.

Staður og dagsetning

Undirskrift mælingarmanns

03.2014  
08.135

Samgöngustofa Pósthólf 470 - 202 Kópavogur - Sími: 480 6000 - [samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is) - [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is)  
Icelandic Transport Authority P.O. Box 470 - 202 Kópavogur - Iceland - Tel: +354 480 6000 - [icetra@icetra.is](mailto:icetra@icetra.is) - [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Á vottorðinu skal tegund og verksmiðjunúmer ökutækisins koma fram, ásamt fastnúmeri ef það er fyrir hendi. Nafn verkstæðis og réttingarmanns skal koma greinilega fram og verður maðurinn að hafa réttindi til vinnu á viðkomandi verkstæði, sbr. lista Samgöngustofu US.355.

## 5.2.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.

## 5.2.5 Upplýsingar

### 5.2.5.1.....Viðurkenndir aðilar við útgáfu burðarvirkismælingavottorðs (verkstæði og menn með réttindi)

Sjá heimasíðu Samgöngustofu: [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is), umferð, ökutækjaskrá, verklagsreglur, listar, Hjólstöðu- og burðarvirkisvottorð US.355.

## 5.3 STANDARI Á MÓTORHJÓLI

### 5.3.1 Reglugerðarákvæði

5.3.1.1. .... Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004

#### 14.20 Bifhjól.


- (1) Tveggja hjóla bifhjól skal búið standara.
- (2) Útfærsla og fyrirkomulag standara á bifhjóli telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 93/31 með síðari breytingum eru uppfyllt.

### 5.3.2 Túlkanir og athugasemdir

Engar.

### 5.3.3 Verklýsingar

5.3.3.1. .... Hámarks halli tvíhjóla bifhjóls við not á standara



Halli	Hliðar standari		Miðju standari	
	Létt bifhjól	Þungt bifhjól	Létt bifhjól	Þungt bifhjól
Vinstri / hægri	5%	6%	6%	8%
Upp	5%	6%	6%	8%
Niður	6%	8%	12%	14%

### 5.3.4 Skilgreiningar á dæmingum

Sjá skoðunatriðahluta Skoðunarhandbókar.